

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 8. júní 2023 í máli nr. 82/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 29. september 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við Y og Z, hér eftir varnaraðilar.

Sóknaraðili krefst þess að viðurkenndur verði réttur hennar til að rifta kaupsamningi milli aðila dags. 17. júní 2021 um hund af tegundinni Pug, með auðkennið [...], og að varnaraðilum verði gert að endurgreiða sóknaraðila kaupverðið að viðbættum útlögðum kostnaði hennar vegna hundsins, samtals að fjárhæð 113.475 krónur, gegn afhendingu á framangreindum hundi. Til vara krefst sóknaraðili skaðabóta og/eða afsláttar að fjárhæð 400.000 króna vegna þeirra ágalla sem reyndust vera á hundinum við kaupin. Varnaraðilar krefjast þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til vara krefjast varnaraðilar þess, að ef kærunefndin telur sóknaraðila eiga rétt á afslætti vegna veikinda hundsins, að fjárhæð afsláttar nemi ekki meira en 1/3 af kaupverði hans.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 3. október 2022, var varnaraðilum gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar 14. október 2022. Athugasemdir bárust í kjölfarið frá sóknaraðila 21. október 2022 og frá varnaraðila 25. október 2022.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda bæði sóknar- og varnaraðila, kaupsamningur um hvolp dags. 17. júní 2021, ættbókarskirteini, vottorð [...], dags. 24. ágúst 2022, afrit af tölvupóstsamskiptum aðila, afrit af samskiptum aðila á Messenger, tölvubréf lögmanns sóknaraðila, dags. 7. júlí 2022, reikningar dýralækna, vottorð [...], dags. 7. október 2022, álit erlends greiningaraðila á röntgenmynd og niðurstaða DNA-rannsóknar, dags. 5. janúar 2022.

Með bréfi, dags. 26. maí 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á hreinræktuðum hvolpi af gerðinni Pug af varnaraðilum þann 17. júní 2021 fyrir 500.000 krónur. Í kaupsamningi milli aðila kemur fram að hvolpurinn sé hreinræktaður og seldur sem heimilishundur með ættbók frá HRFÍ. Þar segir jafnframt að við afhendingu skuli hvolpurinn hafa fengið fyrstu sprautu, verið örmerktur og heilsufarsskoðaður sem og skoðaður fyrir tryggingar. Þá kemur fram í samningnum að ef engar athugasemdir voru á „tryggingarpappírnum er salan á þessum hvolpi ekki í ábyrgð ræktandans, heldur eigandans. Komi fram athugasemd á tryggingarapappírnum skal það ritast hér, og fyrir fram ákveðið um

hvað skal gera, einnig hvenær og hvar.“ Engar athugasemdir voru gerðar í kaupsamningi aðila.

Sóknaraðili vísar til þess að fljótlega eftir afhendingu hvolpsins hafi farið að bera á því að hann ætti erfitt með gang sem hafi lýst sér þannig að hann hafi dregið alla fjóra fætur. Við það hafi jafnan myndast sár ofan á loppum hvolpsins. Hafi skoðun dýralæknis leitt í ljós varanlega líkamlega fötlun hvolpsins vegna vansköpunar í hálshryggjarliðum auk þess sem líklegt væri að framangreint ylli þrýstingi á mænu hans. Að sögn sóknaraðila séu batahorfur engar og lífslíkur hundsins því jafnframt minni en heilbrigðs hundar. Krefst sóknaraðili þess að viðurkennd verði riftun hennar á kaupsamningi aðila frá. 17. júní 2021 og að varnaraðilum verði gert að endurgreiða sóknaraðila kaupverðið að fjárhæð 500.000 krónur auk útlagðs kostnaðar hennar vegna hvolpsins að fjárhæð 113.475 krónur, gegn afhendingu hans. Til vara krefst sóknaraðili skaðabóta og/eða afsláttar að fjárhæð 400.000 krónur vegna gallans.

Varnaraðilar telja hvolpinn ekki hafa verið gallaðan við kaupin og krefjast þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til vara krefjast varnaraðilar þess að ef kærunefndin telur sóknaraðila eiga rétt á afslætti vegna veikinda hvolpsins að fjárhæð afsláttar nemi ekki meira en 1/3 af kaupverði hans.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að hvolpurinn hafi verið gallaður í skilningi 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laganna skal söluhlutur fullnægja þeim kröfum sem af samningi leiði hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Þá segi í a. og b. lið 2. mgr. ákvæðisins að leiði ekki annað af samningi skal söluhlutur henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til og hafa þá eiginleika sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað. Söluhlutur telst gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem koma fram í 15. gr. laganna, sbr. a. liður 1. mgr. 16. gr. laganna. Þá vísar sóknaraðili auk þess til ákvæða laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, einkum IV. kafla þeirra sem hafi að geyma sambærileg sjónarmið varðandi mat á eiginleikum og gæðum söluhlutar, galla o.fl.

Sóknaraðili kveðst hafa upplýst varnaraðila um fyrirbyggjandi ágalla þegar í stað, óskað skýringa og reynt að leita lausna, með tölvupóstum, símtölum og samskiptum á Messenger. Hafi sóknaraðili meðal annars boðið varnaraðilum að ljúka málinu með því að taka á ný við hvolpinum gegn endurgreiðslu kaupverðs eða, eftir atvikum, að afsláttur yrði veittur af kaupverði. Hafi varnaraðilar í fyrstu fallist á að taka við hvolpinum gegn afhendingu á öðrum og ógölluðum hvolpi en frá því hafi varnaraðilar síðar horfið og öllum sáttumleitunum sóknaraðila hafnað.

Sóknaraðili kveðst hafa gert þann sjálfsagða áskilnað við kaupin að ekki væru líkamlegir vankantar á hvolpinum. Jafnvel þó að slíkur áskilnaður hafi ekki verið orðaður með beinum hætti í samningi aðila eða samskiptum fyrir eða eftir kaupin, þá megi almennt ætla að kaupandi hvolps geri slíkan áskilnað og óþarft sé að nefna hann sérstaklega. Heilbrigði hvolpsins hafi verið ákvörðunarástæða sóknaraðila fyrir kaupunum og hefði hún aldrei fest kaup á gæludýri sem haldið væri slíkum ágöllum, sem sóknaraðili telji vera umtalsverða, einkum þegar horft sé til þess að um ættbókarfært dýr sé að ræða.

Í ljósi framangreinds sé aðallega krafist þess að viðurkennd verði riftun á kaupsamningi aðila þannig að varnaraðilum verði gert að endurgreiða sóknaraðila

kaupverðið, að viðbættum útlögðum kostnaði sóknaraðila vegna hvolpsins, samtals að fjárhæð 113.475 krónur. Annars vegar sé um að ræða kostnað vegna lagfæringa á eistum/geldingu sem sóknaraðili kveður varnaraðila hafi fallist á að greiða og hins vegar kostnað vegna taugaskoðunar sem hafi verið nauðsynleg til að staðreyna tjón sóknaraðila. Allt gegn afhendingu sóknaraðila á hundinum til varnaraðila.

Til vara krefst sóknaraðili afsláttar eða skaðabóta að fjárhæð 400.000 krónur. Sé sú krafa einkum reist á fyrirliggjandi ágöllum hundsins sem sóknaraðili telur verulega. Að sögn sóknaraðila nýtist hundurinn ekki sem heimilishundur og gæludýr enda þarfnist hann stöðugrar umönnunar, langt umfram það sem almennt megi gera ráð fyrir með slík dýr. Þá liggja fyrir læknisfræðilegt mat dýralæknis þess efnis, að lífslíkur hundsins sé verulega skertar vegna ágallans. Sóknaraðili kveðst því eiga rétt á sanngjörnum skaðabótum eða afsláttar af kaupverði og að fjárhæð fébótanna sé í samræmi við umfang ágallans og þær afleiðingar sem hann hafi haft fyrir sóknaraðila og fjölskyldu hennar. Taki bótakrafan mið af þeim útlagða kostnaði sem sóknaraðili hafi lagt út í vegna hundsins.

Til þrautavara krefst sóknaraðili þess að henni verði ákvarðaðar bætur úr hendi varnaraðila að álitum. Í öllu falli sé þess jafnframt krafist að sóknaraðila verði bættur sá útlagði kostnaður sem hún hafi lagt í vegna hundsins eins og að framan greini.

3.2. *Sjónarmið varnaraðila*

Varnaraðilar benda á að fyrir afhendingu á hvolpinum hafi hann verið heilsufarsskoðaður af dýralækni. Hafi viðkomandi ekki gert neinar athugasemdir við heilsufar hvolpsins. Komi það fram á tryggingarpappírnum sem sóknaraðila hafi verið afhentir en varnaraðilar hafi ekki afrit af. Varnaraðilar vísa til þess að við heilbrigðisskoðun á hvolpi séu ekki teknar röntgenmyndir enda lítið að marka stöðu beina hjá nokkurra vikna hvolpi þar sem beinin séu ekki gengin saman. Það þjóni því engum tilgangi að leggja það á svo ung dýr að fara í gegnum m.a. svæfingu til að ná slíkum röntgenmyndum. Þá vísa varnaraðilar til þess að þrátt fyrir að niðurstaða dýralæknis þann 8. júní 2021 hafi ekki gefið tilefni til, hafi varnaraðilar mælt ítrekað með því við sóknaraðila að hún skyldi tryggja hvolpinn enda um lifandi dýr að ræða. Í samningi aðila komi jafnframt fram að þar sem engar athugasemdir séu gerðar á tryggingarpappírnum sé salan á hvolpinum ekki á ábyrgð ræktanda heldur eigendans.

Varnaraðilar vísa til þess að sóknaraðili hafi haft samband við þá þann 10. október 2021 þar sem sóknaraðili hugðist láta gelda hvolpinn en við læknisskoðun hans hafi aðeins fundist eitt eista. Hafi varnaraðilar ráðlagt sóknaraðila að bíða með að láta gelda hvolpinn enda gæti það tekið allt undir eitt ár fyrir eista að ganga niður. Þá hafi varnaraðilar bent sóknaraðila á að gelding, sem framkvæmd sé of snemma, gæti meðal annars haft áhrif á þróun beinmyndunar, vöðvamassa og annan þroska hunds. Vísi sóknaraðilar til þess að rannsóknir sýni fram á að gelding hunda geti haft bein áhrif á óeðlilega þyngdaraukningu þeirra. Þrátt fyrir ábendingar varnaraðila um framangreint hafi sóknaraðili engu að síður látið gelda hvolpinn og sem eigandi hans hafi hún haft fullan rétt á því.

Varnaraðilar benda á að við geldingu hjá dýralækni þann 20. október 2021 hafi dýralækni sagt sóknaraðila að rétt væri að fylgjast með hrygg hvolpsins. Hafi sóknaraðili upplýst varnaraðila um það og aðilar í kjölfarið sammælst um að leita álits sérfræðings erlendis frá. Hafi röntgenmyndir verið sendar í þeim tilgangi til

viðkomandi og hafi niðurstaða greiningar á myndunum verið sú að líklega væri um að ræða svokallað Wobbler heilkenni. Segi greiningaraðilinn eftirfarandi: „*The intervertebral disc space at C6-7 is narrowed and there is wedging of the disc space. This would be consistent with Wobbler Syndrome if the neurologic signs are appropriate*“. Að sögn varnaraðila finnst sjúkdómurinn venjulega aðeins í stórum hundum eins og í hundum af tegundunum Great Dane og Doberman sem og í hestum en sé sjaldgæfari í minni hundategundum. Meðferð við sjúkdóminum felist meðal annars í lyfjagjöf og/eða aðgerð þar sem þrenging og/eða skekkja á hrygg sé leiðrétt. Þá sé þekkt að sjúkdómurinn geti lagst þyngra á þá hunda sem stækki eða þyngist óeðlilega mikið og því sé mikilvægt að passa upp á fæði hunda sem þjást af sjúkdóminum. Vísa varnaraðilar um þetta til umfjöllunar á vefsíðunni www.wobblersyndrome.com. Þá benda varnaraðilar á að hafa jafnframt fengið að taka DNA-sýni úr hvolpinum í því skyni að senda til greiningar erlendis í lok árs 2021. Hafi niðurstaða greiningaraðila bent til þess að hvolpurinn væri ekki með arfgengan sjúkdóm og hafi varnaraðilar upplýst sóknaraðila um það í byrjun árs 2022.

Í kjölfar framangreindrar sjúkdómsgreiningar hafi varnaraðilar boðið sóknaraðila að skila hvolpinum auk endurgreiðslu. Að sögn varnaraðila hafi sóknaraðili ekki þegið það boð og því hafi varnaraðilar ekki talið sig hafa neinum skyldum að gegna gagnvart sóknaraðila. Í samskiptum sínum við varnaraðila hafi sóknaraðili ítrekað haldið því fram að varnaraðilar hafi lofað því að endurgreiða sóknaraðila kaupverð hvolpsins eða að afhenda annan hvolp án þess að sóknaraðili þyrfti að skila þeim hvolpi sem ágreiningur málsins varði. Varnaraðilar þvertaki fyrir að slíkt hafi nokkurn tímann staðið til boða eða verið lofað af þeirra hálfu. Ekkert hafi verið lagt fram í málinu sem sanni slíkar staðhæfingar sóknaraðila.

Varnaraðilar benda á að skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 skal söluhlutur, hvað varðar magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiði af samningi. Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til sbr. a-lið 2. mgr. 15. gr. sömu laga og samkvæmt b-lið sömu greinar hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varði endingu og annað. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 16. gr. laganna telst söluhlutur vera gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem koma fram í 15. gr. Varnaraðili kveður að við mat á því hvort söluhlutur uppfylli þær kröfur sem leiði af samningi og hvort söluhlutur henti í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir séu venjulega notaðir verði að líta til eðlis söluhlutar. Þannig verði ekki gerðar sömu kröfur til sölu á dauðum hlutum og lifandi verum enda ekki hægt að gera seljanda ábyrgan fyrir öllum líklegum og ólíklegum atvikum/aðstæðum sem upp geti komið á lífsskeiði dýra, þar á meðal ef dýr þróa með sér sjúkdóm líkt og eigi við í máli þessu.

Varnaraðilar byggja á því að umþrættur hvolpur hafi verið heilbrigður við sölu og afhendingu hans. Kaupandi að lifandi dýri megi gera ráð fyrir því að upp geti komið sjúkdómar sem hvorki kaupandi né seljandi hafi getað eða mátt vita af við sölu. Þá hafi varnaraðilar ítrekað við sóknaraðila að þar sem um lifandi veru væri að ræða væri nauðsynlegt að tryggja hvolpinn. Hafi varnaraðilum ekki verið heimilt að tryggja hunda sem ekki væru lengur í umsjá þeirra. Þá bendi varnaraðilar á að þegar hvolpurinn hafi verið rúmlega sex mánaða hafi sóknaraðili farið með hann í skoðun til dýralæknis sem hafi bent sóknaraðila á að rétt væri að fylgjast með hrygg hvolpsins en á þeim tímapunkti hafi sóknaraðili ekki orðið vör við neitt óeðlilegt. Í kjölfarið hafi varnaraðilar sent röntgenmyndir af hvolpinum til greiningar erlendis

þar sem í ljós hafi komið að líklega væri hann með fyrrnefndan Wobbler sjúkdóm. Þrátt fyrir að hafa talið það umfram skyldu þeirra hafi varnaraðilar boðist til að rifta kaupunum, taka söluhlutinn til baka og endurgreiða sóknaraðila kaupverðið. Hafi sóknaraðili hafnað því og aðeins viljað endurgreiðslu kaupverðs eða nýjan hvolp án þess að afhenda varnaraðila hundinn. Þeirri kröfu hafi varnaraðilar hins vegar hafnað.

Varnaraðilar vísa til þess að þann 7. júlí 2022 hafi lögmaður sóknaraðila lagt fram sömu kröfu og sóknaraðili hafi áður gert, þ.e. að varnaraðilar myndu endurgreiða kaupverð hundsins eða afhenda sóknaraðila nýjan hvolp. Degi síðar hafi krafan verið ítrekuð en henni breytt á þann veg að gerð hafi verið krafa um fulla endurgreiðslu kaupverðs gegn afhendingu hundsins. Varnaraðilar hafi hafnað kröfu sóknaraðila enda liðið meira en ár frá afhendingu hans og meira en sex mánuðir frá því varnaraðilar buðu sóknaraðila að skila hundinum.

Varnaraðilar telja skipta mestu hér að söluhluturinn hafi verið afhentur án galla til sóknaraðila. Þegar í ljós hafi komið að söluhluturinn hafi verið haldinn annmörkum hafi varnaraðilar boðist til að taka við söluhlut aftur og endurgreiða kaupverðið en sóknaraðili hafnað því. Varnaraðilar hafi því talið sig lausa allra mála enda hafi sóknaraðili viljað halda söluhlutnum þrátt fyrir þá annmarka sem hugsanlega gætu ágerst eða komið nánar í ljós síðar. Með því að hafna því að skila söluhlut hafi sóknaraðili ekki gætt að skyldu sinni að takmarka tjón sitt, sbr. 54. gr. laga nr. 48/2003.

Varnaraðilar telja að lög um neytendakaup geri á margan hátt lítinn greinarmun á því hvort söluhlutur sem ágreiningur varði sé til að mynda sófi eða hundur þegar komi að túlkun á gallahugtaki laganna og þeim tímamarki, þegar áhætta flyst yfir, hvaða vanefndarúrræði neytandi geti krafist eða innan hvaða tímamarka. Þrátt fyrir að réttur neytanda sé mikill verði að líta til andlags hins selda og túlka lögin í samræmi við það. Þannig verði ekki sömu kröfur lagðar á seljanda sófa eða öðrum dauðum hlut og seljanda lifandi veru um að tryggja gæði og endingu hins selda um ókomna tíð.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum vísar sóknaraðili til þess að varnaraðilar haldi því fram í andsvörum sínum að tengsl séu á milli ástands hundsins og framkvæmd geldingar á honum. Sóknaraðili kveðst mótmæla þessu og telur ósannað að orsakatengsl séu á milli þess að sóknaraðili hafi látið gelda hundinn þann 20. október 2021 og þeirra líkamlegu ágalla sem hrjái hundinn. Sjúkdómsgreining hundsins hafi ekkert með háttsemi sóknaraðila að gera enda ekkert í málinu sem bendi til þess að svo sé. Að sögn sóknaraðila hefði dýralæknir heldur ekki framkvæmt geldingu á hundinum ef það færi gegn læknisfræðilegu mati viðkomandi dýralæknis. Þá hafni sóknaraðili því sem ósannaðri fullyrðingu að hvolpurinn hefði verið geldur þrátt fyrir að varnaraðilar hafi mælt með að beðið yrði með það. Þvert á móti sýni skrifleg samskipti aðila á tímabilinu 10. til 12. október 2021 hið gagnstæða. Af þeim samskiptum megi ráða að varnaraðilar hafi verið sammála sóknaraðila um að réttast væri að gelda hvolpinn. Þá bendi sóknaraðili á í því samhengi að hún hafi fengið ráðleggingar frá varnaraðilum varðandi hvaða dýraspítala væri heppilegast að leita til varðandi geldingu.

Sóknaraðili vísar til umfjöllunar varnaraðila um Wobbler sjúkdóminn og tilvísun þeirra til upplýsinga af vefsíðunni www.wobblersyndrome.com. Sóknaraðili

telur upplýsingar af þeirri vefsíðu enga þýðingu hafa í málinu enda liggi fyrir vottorð dýralæknis, dags. 24. ágúst 2022, um að batahorfur hundsins séu engar. Þær meðferðir sem varnaraðilar vísi til eigi því ekki við í þessu tilfalli. Að mati sóknaraðila verði ekki annað séð en að varnaraðilar hafi strax í upphafi verið meðvitaðar um það enda hafi komið fram í tölvupósti annars varnaraðila til sóknaraðila þann 15. janúar 2022 eftirfarandi: „*Því miður ekki lækning né lang lífa*“.

Sóknaraðili vísar til fullyrðinga varnaraðila um að þær hafi í kjölfar sjúkdómsgreiningar boðið sóknaraðila að skila hvolpinum og endurgreiðslu kaupverðs en sóknaraðili hafnað því. Sóknaraðili mótmælir framangreindu auk þess sem gögn málsins beri það ekki með sér og því ósannað. Af hálfu varnaraðila sé auk þess þvertekið fyrir að loforð hafi verið gefið fyrir því að endurgreiða sóknaraðila kaupverð hundsins eða afhenda annan ógallaðan hund án þess að sóknaraðila hafi þurft að skila hundinum. Sóknaraðili hafni þessu sem einhliða og röngum málatilbúnaði. Að sögn sóknaraðila sé hið rétta að varnaraðilar hafi engan áhuga sýnt á að fá hundinn afhentan til baka.

Sóknaraðili vísar til að í tölvupósti sínum til varnaraðila þann 4. nóvember 2021 hafi hún lagt til, í ljósi ágallans og þeirrar stöðu sem upp hafi verið komin, að varnaraðilar myndu endurgreiða helming kaupverðsins ásamt útlögðum læknskostnaði en ekki gegn afhendingu hvolpsins sökum tengslamyndunar við fjölskyldu sóknaraðila. Varnaraðilar hafi ekki sóst eftir því að fá hvolpinn afhentan. Þann 2. desember 2021 hafi annar varnaraðila heimsótt sóknaraðila og hafi sóknaraðili sent varnaraðilum tölvupóst í kjölfarið. Þar segi eftirfarandi: „*en líkt og við förum yfir þá á [...] sennilega ekki mikið eftir og er hann íverri í dag en hann var þá. Það sem við ákváðum vegna þeirra veikinda sem [...] á í þá eigum við inni hjá ykkur einn hvolp eða andvirði hans eða 500 þúsund sem er það sama og við greiddum fyrir [...]. Ég leyfi þér/ykkur fylgjast með og við verðum í sambandi við næsta got*“. Að sögn sóknaraðila hafi borist svar frá öðrum varnaraðila þar sem fram komi: „*Sæll Já ég stend við það*“. Sóknaraðili telur að þannig sé ljóst að varnaraðilar hafi verið reiðubúnar að koma til móts við sóknaraðila enda hafi sóknaraðila verið boðið annars vegar að fá kaupverð hvolpsins endurgreitt og hins vegar að fá afhentan ógallaðan hvolp úr næsta goti varnaraðila gegn því að sóknaraðili myndi bera straum af útlögðum læknskostnaði.

Sóknaraðili kveðst síðar ekki hafa verið tilbúin að taka þá áhættu að fá nýjan hvolp frá varnaraðilum enda ófyrirséð að nýr hvolpur myndi vera laus við líkamlega vankanta. Þá hafi sóknaraðili haft veður af því að annar hvolpur frá varnaraðilum hafi verið haldinn ágalla og að minnsta kosti einn hvolpur úr sama goti hafi ekki lífað af. Sóknaraðili hafi þó verið reiðubúin að taka á sig þann kostnað sem hlotist hafi af hinum umþrætta hvolpi og fyrirséðan framtíðarkostnað af frekari veikindum hans gegn því að fá kaupverðið endurgreitt. Hafi sóknaraðili ítrekað reynt að ganga á eftir því að varnaraðilar myndu standa við það samkomulag aðila en án árangurs.

Sóknaraðili bendir á að um kaupin gildi ákvæði laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Lögin nái vel yfir hvers kyns söluhluti hvort sem andlagið sé dauður hlutur eða lifandi vera enda sé ákvæði 15. gr. laganna skýrt hvað það varði. Sóknaraðili mótmæli rökum varnaraðila þess efnis að vægari kröfur skuli gerðar til seljanda söluhlutar þegar um lifandi veru sé að ræða. Hvað varði tímamark galla þá segi í ákvæði 2. mgr. 18. gr. laganna að galli sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar flyst til neytanda sé talinn hafa verið til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu. Því telur sóknaraðili að hvolpurinn hafi með tilliti til atvika máls

og framlagðra gagna verið haldinn galla við kaupin, sbr. 1. mgr. og a. og b. liður 2. mgr. 15. gr. sömu laga, sbr. a. liður 1. mgr. 16. gr. þeirra. Þá vísi sóknaraðili til úrskurða kæruneftndarinnar í málum nr. 91/2020 og nr. 35/2019.

3.4. Athugasemdir varnaraðila

Í athugasemdum sínum mótmæla varnaraðilar því að sóknaraðila hafi ekki staðið til boða að skila hvolpinum vegna þessa ágalla sem hafi komið í ljós. Varnaraðilar hafi boðið sóknaraðila það í gegnum munnleg samskipti þeirra. Varnaraðilar telja þó að tölvupóstur sóknaraðila, dags. 4. nóvember 2021, sem og önnur samskipti sem lögð hafi verið fram, varpi ljósi á að sóknaraðili hafi ekki viljað skila hinni gölluðu vöru vegna tengslamyndunar.

Varnaraðilar kveðast hafa verið sóknaraðila innan handar í öllu ferli greiningar og rannsókna á hvolpinum. Varnaraðilar hafi af sjálfsdáðum sent beiðni um greiningu á DNA sýni hvolpsins til erlendra sérfræðinga til að fá staðfestingu á því að ekki væri um arfgengan sjúkdóm að ræða. Sóknaraðili hafi óskað eftir því við varnaraðila að fá að fylgjast með því ferli og fá upplýsingar um niðurstöður rannsókna. Það svar varnaraðila frá 18. desember 2021 þar sem fram komi að varnaraðilar „standi við það“ hafi verið svar varnaraðila við síðasta tölvupósti sóknaraðila með ósk um að vera upplýst um áður nefndar niðurstöður. Það hafi hins vegar ekki verið svar við einhliða tilboði/tillögu sóknaraðila um uppgjör málsins líkt og sóknaraðili haldi fram í athugasemdum sínum.

IV

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili og varnaraðilar eru einstaklingar. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegru málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. þeirra. Með neytanda er í lögum nr. 81/2019 átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Af gögnum málsins verður ráðið að varnaraðilar hafi atvinnu af því að selja hunda og heyrir úrlausn málsins því undir kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna. Af sömu ástæðu gilda lög nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) um ágreining málsins, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Sóknaraðili festi kaup á hvolpi af tegundinni Pug af varnaraðilum þann 17. júní 2021 fyrir 500.000 krónur. Stuttu síðar hafi farið að bera á afbrigðilegu göngulagi hvolpsins. Að sögn sóknaraðila hafi hún fengið ábendingu frá dýralækni í október 2021 um að rétt væri að fylgjast með hrygg hans. Skoðun dýralæknis þann 22. ágúst 2022 hafi staðfest að vansköpun væri í háls hryggjarliðum C6 og C7 ásamt brjósthryggjarliðum T1-T3. Sóknaraðili telur að hvolpurinn hafi verið haldinn galla við kaupin og krefst riftunar á kaupsamningi aðila og endurgreiðslu kaupverðs auk útlagðs kostnaðar. Varnaraðilar hafa einkum borið fyrir sig ákvæði í kaupsamningi

aðila þar sem fram kemur að seljendur beri ekki ábyrgð á hvolpinum nema athugasemdir komi fram í tryggingarskjölum fyrir afhendingu. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við heilsufar hvolpsins fyrr en rúmum fjórum mánuðum eftir afhendingu. Í þessu samhengi telur kærunefndin þörf á að taka fram að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. nkpl. er óheimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiðir af ákvæðum laganna og eru umrædd ákvæði í kaupsamningi aðila því óskuldbindandi.

Ákvæði 15. og 16. gr. nkpl. mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. nkpl. Í 1. mgr. ákvæðisins segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Samkvæmt a. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. skal söluhlutur „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b. lið 2. mgr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í c. lið segir að söluhlutur skuli „henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð [...]“.

Ákvæði 18. gr. nkpl. mælir fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa verið til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu. Neytandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að söluhlutur hafi verið haldinn galla við kaupin ef lengra en sex mánuðir eru frá kaupunum.

Af gögnum máls verður ráðið að sóknaraðili upplýsti varnaraðila um ábendingar dýralæknis um skekkju á hrygg hvolpsins í kjölfar geldingar hans þann 20. október 2021 eða rétt rúmum fjórum mánuðum eftir afhendingu hvolpsins. Að frumkvæði varnaraðila voru þá teknar röntgenmyndir af hrygg hvolpsins og þær sendar til sérfræðings hjá [...] í Bandaríkjunum. Í niðurstöðu viðkomandi sérfræðings segir; „*The Intervertebral disc space at C6-7 is narrowed and there is wedging of the disc space. This would be consistant with Wobbler Syndrome if the neurologic signs are appropriate.*“ Í vottorði dýralæknis dags. 22. ágúst 2022 var staðfest að umþrættur hundur er með vansköpun í háls hryggjarliðum C6 og C7 ásamt brjósthryggjarliðum T1-T3 (hemivertebrae-hálfhryggliðir). Þar segir jafnframt: „*Liðbil milli þessara hryggjarliða er áberandi þröngt. Brjóstliðir T4-T9 eru kubbslaga og mismikil afmyndun. Röntgen sýnir ekki áhrif þrenginga og vansköpunar á mænu/mænurætur en miðað við einkenni hundsins sem sýnir skerta hreyfifetu, skynjun og tonus í vöðvum á öllum 4 útlimum er mjög líklegt að þetta valdi þrýstingi á mænu. Nánari greining fengist með MRI eða CT. Mismunagreining væri sjúkleiki í litla heila. Batahorfur eru engar og að líf hundsins einskorðast við að fara um á undirlagi sem dregur úr nuddi og sáramyndun þegar fætur dragast eftir undirlagi*“.

Samkvæmt þessu verður lagt til grundvallar að hundurinn hafi verið með meðfæddan sjúkdóm sem hafi verið til staðar við afhendingu. Var hann því haldinn galla við kaupin, sbr. 1. mgr. og a. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl., sbr. a. lið 1. mgr. 16. gr. laganna.

Í 26. gr. nkpl. er mælt fyrir um þau vanefndarúrræði sem neytandi getur gripið til vegna galla á söluhlut en þau eru m.a. úrbætur eða ný afhending samkvæmt 29. og 30. gr., afsláttur samkvæmt 31. gr., riftun samkvæmt 32. gr. og skaðabætur samkvæmt 33. gr. nkpl. Sóknaraðili hefur krafist aðallega riftunar á kaupsamningi

og endurgreiðslu kaupverðs hvolpsins að fjárhæð 500.000 krónur auk útlagðs kostnaðar vegna geldingar hans að fjárhæð 69.430 krónur auk kostnaðar vegna rannsókna að fjárhæð 44.045 krónur, alls 113.475 krónur.

Samkvæmt 32. gr. nkpl. getur neytandi rift kaupum, í stað þess að krefjast afsláttar samkvæmt 31. gr. laganna. Riftun er afdrifaríkt úrræði og verður aðeins beitt í undantekningartilvikum. Skilyrði þess að fallist verði á riftun vegna galla eru að galli sé ekki óverulegur. Mat á því hvort galli sé ekki óverulegur byggir á ákveðnu heildarmati þar sem líta þarf m.a. til samnings aðila, atvika við kaupin og áhrifa gallans á hagsmuni neytanda, en gallinn þarf að hafa haft raunveruleg áhrif á hagsmuni neytanda. Getur haft áhrif á matið hvort seljandanum mátti vera það ljóst. Þá getur skipt máli hvort hagsmunir neytanda verði nægilega tryggðir með öðrum vægari úrræðum, s.s. með greiðslu skaðabóta.

Þrátt fyrir að kaupum á dýrum fylgi ávallt ákveðin áhætta verður að telja að hér sé um að ræða verulegan galla sem er langt umfram það sem sóknaraðili mátti vænta. Staðfestir fyrrnefnt vottorð, dags. 22. ágúst 2022, að vansköpun er að finna í tilteknum háls- og brjósthryggjaliðum hundsins. Sökum þess hefur hundurinn bæði skerta hreyfigetu og skynjun í vöðvum á öllum fjórum útlimum. Hefur það í för með sér að hundurinn dregur fætur sínar þannig að sár myndast á loppum hans auk þess sem hundurinn missir gjarnan jafnvægi við gang. Samkvæmt álitni dýralæknisins eru batahorfur hundsins engar og telur hann að líf hundsins takmarkist við að fara um á undirlagi sem dregur úr nuddi og sáramyndun á útlimum hans.

Með hliðsjón af framangreindu er fallist á kröfu sóknaraðila um riftun kaupsamnings. Sjónarmið um brottfall riftunarréttar geta ekki átt við, sbr. a. lið 1. mgr. 51. gr. nkpl. Á hinn bóginn liggur fyrir að sóknaraðili hefur haft hundinn í tæp tvö ár og féllst ekki á að skila honum gegn fullri endurgreiðslu þegar varnaraðilar lögðu það til. Með hliðsjón af því og þeim sjónarmiðum er búa að baki 1. mgr. 50. gr. og 54. nkpl. er endurgreiðsla kaupverðs hæfilega ákveðin 300.000 krónur gegn afhendingu á hundinum.

Sóknaraðili hefur einnig krafist skaðabóta að fjárhæð 113.475 krónur. Annars vegar sé um að ræða kostnað að fjárhæð 69.430 krónur vegna lagfæringa á eistum/geldingu sem sóknaraðili kveður varnaraðila hafa fallist á að greiða og hins vegar kostnað vegna taugaskoðunar sem hafi verið nauðsynleg til að staðreyna tjón sóknaraðila, alls að fjárhæð 44.045 krónur. Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. nkpl. getur neytandi krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut. Um fjárhæð bóta fer samkvæmt reglum XI. kafla laganna. Skaðabætur vegna vanefnda skulu samkvæmt 1. mgr. 52. gr. nkpl. svara til þess tjóns, þ.m.t. vegna útgjalda, verðmunar og tapaðs hagnaðar, sem gagnaðili bíður vegna vanefndanna. Þetta gildir þó einungis um það tjón sem aðili gat með sanngirni sé fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndar.

Að sögn sóknaraðila hafi aðilar samið svo um að varnaraðilar myndu standa straum af kostnaði við geldingu hvolpsins. Hvorki er getið um ætlað samkomulag milli aðila þessa efnis í samningi aðila né öðrum gögnum málsins. Undir meðferð málsins óskaði kærunefndin eftir upplýsingum frá varnaraðila varðandi ætlað samkomulag aðila þessa efnis. Var því hafnað af hálfu varnaraðila að aðilar hafi gert með sér slíkt samkomulag. Verður því ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðila um skaðabætur úr hendi varnaraðila að fjárhæð 69.430 krónur vegna geldingar hvoplsins.

Fallist verður á með sóknaraðila að varnaraðilum beri að greiða 44.045 krónur í skaðabætur vegna útlagðs kostnaðar sóknaraðila vegna taugaskoðunar á hundinum, enda var sá kostnaður nauðsynlegur til að staðreyna umþrættan galla.

V
Úrskurðarorð

Viðurkenndur er réttur sóknaraðila, X, til að rifta kaupum, dags. 17. júní 2021, um hund af tegundinni Pug, með auðkennið [...], við varnaraðila Y og Z. Þá ber varnaraðilum að endurgreiða sóknaraðila hluta kaupverðs hundsins, 300.000 krónur gegn afhendingu hans. Varnaraðilar greiði auk þess sóknaraðila skaðabætur að fjárhæð 44.045 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðilum ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 15.000 krónur, sbr. 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson